

## Svar

### mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Teiti Birni Einarssyni um kostnaðarþátttöku sveitarfélaga vegna framkvæmda við framhaldsskóla.

1. *Hvaða sveitarfélög standa að baki hverjum framhaldsskóla og tóku þátt í kostnaði við stofnframkvæmdir skv. b- eða c-lið 2. mgr. 47. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum.*

Á grundvelli 2. mgr. 47. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, hafa verið gerðir samningar milli ríkis og sveitarfélaga um stofnframkvæmdir en almennt er gengið út frá því að um sameiginlega framkvæmd sé að ræða á grundvelli c-liðar ákvæðisins.

Árið 2013 var Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ byggður og greiddi ríkissjóður 60% af áætluðum stofnkostnaði þeirrar framkvæmdar. Árið 2015 var Menntaskólinn við Sund stækkaður og var kostnaði við stofnframkvæmdir skipt þannig að ríkissjóður greiddi 60% og Reykjavíkurborg 40%. Sama ár var Fjölbrautaskóli Suðurlands stækkaður og var kostnaði við stofnframkvæmdir skipt þannig að ríkissjóður greiddi 60% og sveitarfélög á Suðurlandi 40%. Kostnaður sveitarfélaga skiptist þannig að Sveitarfélagið Árborg greiddi 22%, Héraðsnefnd Árnesinga (án Árborgar) 13,8%, Héraðsnefnd Rangæinga 3,4% og Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu 0,8%. Þá eru áform um að stækka Fjölbrautaskólann í Breiðholti og hefur verið gengið frá samningum við Reykjavíkurborg þar sem kostnaði við stofnframkvæmdir verður skipt þannig að ríkissjóður greiðir 60% og Reykjavíkurborg 40%.

Rétt er að geta þess að Fjölbrautaskóli Suðurnesja var stækkaður árið 2019 á grundvelli a-liðar 2. mgr. 47. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, og greiddi ríkissjóður 60% af áætluðum stofnkostnaði þeirrar framkvæmdar. Framkvæmdin var á ábyrgð sveitarfélaga og er ráðuneytinu ekki kunnugt um með hvaða hætti kostnaði var skipt milli þeirra.

2. *Hversu oft hefur reynt á b- og c-lið 2. mgr. 47. gr. laganna frá gildistöku þeirra árið 2008, í hvaða skólum og hver var kostnaðarþátttaka hvers sveitarfélags og íbúafjöldi 1. janúar það ár sem kostnaður var greiddur?*

Vísað er til svars við 1. tölul. þar sem nefnd eru þau tilvik þar sem reynt hefur á b- og c-lið 2. mgr. 47. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, ásamt kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga, þ.e. hlutfallslega. Áréttað er að sveitarfélög ákveða kostnaðarskiptingu sín á milli þegar kemur að kostnaðarþátttöku vegna stofnunar eða stækkunar framhaldsskóla á grundvelli 2. mgr. 47. gr. laganna, en í flestum tilvikum hefur verið miðað við íbúafjölda næstliðins árs.

3. *Hafa verið gerðar undantekningar frá því að sveitarfélög taki þátt í kostnaði skv. b- og c-lið 2. mgr. 47. gr. laganna frá árinu 2008?*

Nei.

4. *Er hafið yfir allan vafa að 47. gr. laganna eigi við um stækkun framhaldsskóla en ekki bara stofnun nýs skóla?*

Í framkvæmd hefur verið lagt til grundvallar að 47. gr. laga um framhaldsskóla nái bæði til þess þegar framhaldsskóli er stofnaður og er stækkaður, með hliðsjón af skilgreiningu stofnkostnaðar í 1. mgr. 47. gr. laganna um að átt er við kostnað vegna húsnæðis og almenns búnaðar sem samningsaðilar ákveða að leggja til skólans. Hins vegar fellur kostnaður vegna viðhalds alfarið á ríkissjóð.

5. *Hversu oft hefur Alþingi komið að stofnun framhaldsskóla án aðildar sveitarfélaga skv.*

*4. mgr. 47. gr. laganna frá árinu 2008 og um hvaða framhaldsskóla er að ræða?*

Aldrei.